

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

frá 22. febrúar 1993

**um útlit staðlaðs eyðublaðs sem mælt er fyrir um í 16. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3820/85 um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum****(93/173/EBE)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 frá 20. desember 1985 um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum <sup>(1)</sup>, einkum 16. gr.,

að höfðu samráði við aðildarríkin í samræmi við 3. mgr. 16. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Nauðsynlegt er að ákveða útlit staðlaðra eyðublaða af þeirri gerð sem um getur í 2. og 3. mgr. 16. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3820/85 en á þeim senda aðildarríkin framkvæmdastjórninni annað hvert ár upplýsingar sem notaðar eru við samantekt skýrslu um beitingu sameiginlegra reglna og um þróun þessara mála.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Staðlaða eyðublaðið sem um getur í 2. og 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 skal líta út eins og fyrirmyndin í viðaukanum við ákvörðun þessa.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. febrúar 1993

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Abel MATUTES

*framkvæmdastjóri*

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 370, 31. 12. 1985, bls. 1.

## VIÐAUKI

Fyrirmynd að stöðluðu eyðublöðunum sem aðildarríkjunum ber að nota til að senda framkvæmdastjórninni nauðsynlegar upplýsingar til samantektar á skýrslu um beitingu aðildarríkjanna á reglugerð ráðsins um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum (16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/85) og um þróun mála á þessu sviði

## 1. VIÐMIÐUNARTÍMABIL

(16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/85)

Tímabil: frá .....  
til .....

## 2. ÁÆTLUÐ ÚTKOMA ÚR LÁGMARKSFJÖLDA ATHUGANA SEM GERA SKAL

(2. gr. tilskipunar 88/599/EBE)

- a) fjöldi vinnudaga á ökumann á viðmiðunartímabilinu .....
- b) heildarfjöldi ökutækja sem reglugerð (EBE) nr. 3820/85 tekur til .....
- c) heildarfjöldi vinnudaga (a- x b-liður) .....
- d) lágmarksfjöldi athugana (1% c-liðar) .....

## 3. ATHUGANIR

## 3.1. Athuganir á vegum

	EBE		Ríkisborgarar þriðju landa
	Eigin ríkisborgarar	Ríkisborgarar annarra aðildarríkja	
a) farþegaflutningar	.....	.....	.....
b) vöruflutningar	.....	.....	.....
c) flutningar á farþegum og vörum (ef ekki eru skýr mörk þar á milli)	.....	.....	.....

## 3.2. Fjöldi ökumanna sem athugað er hjá við aðsetur fyrirtækisins

- a) farþegaflutningar .....
- b) vöruflutningar .....
- c) flutningar í eigin þágu .....
- d) flutningar gegn gjaldi .....

## 3.3. Athuganir á vegum

	EBE		Ríkisborgarar þriðju landa
	Eigin ríkisborgarar	Ríkisborgarar annarra aðildarríkja	
a) farþegaflutningar	.....	.....	.....
b) vöruflutningar	.....	.....	.....
c) flutningar á farþegum og vörum (ef ekki eru skýr mörk þarna á milli)	.....	.....	.....

## 3.4. Fjöldi vinnudaga sem athugað er við aðsetur fyrirtækisins

- a) farþegaflutningar .....
- b) vöruflutningar .....
- c) flutningar í eigin þágu .....
- d) flutningar gegn gjaldi .....

## 4. BROT — FJÖLDI SKRÁÐRA BROTA

(Reglugerð (EBE) nr. 3820/85)

Grein	Tegund brots	Farþegar			Vörur		
		Eigin ríkisborgarar	Ríkisborgarar annarra aðildarríkja	Ríkisborgarar þriðju landa	Eigin ríkisborgarar	Ríkisborgarar annarra aðildarríkja	Ríkisborgarar þriðju landa
6. gr.	Aksturstími — Daglegur aksturstími — Mest sex dagar — Tvær vikur í röð						
7. gr.	Hlé á akstri — Ekið viðstöðulaust lengur en 4½ klst. — Of stutt hlé						
8. gr.	Hvíldartímar — Á dag — Á viku						
14. gr.	Ferða- og vinnuáætlun — Vantar — Röng notkun				(*)	(*)	(*)

Samtals

(\*) Gildir ekki hér.

## 5. AÐGERÐIR EINSTAKRA AÐILDARRÍKJA

- Að lögum
- Að stjórnarsýslufyrirmælum
- Aðrar aðgerðir

## 6. VIÐURLÖG

6.1. *Sektarákvæði*6.2. *Breytingar*

- Dagsetning nýjustu breytinga
- Tilvísanir til laga- og stjórnarsýslufyrirmæla

## 7. NIÐURSTÖÐUR OG ATHUGASEMDIR, M.A. UM ÞRÓUN MÁLA Á ÞESSUM SVIÐUM

---

*Sá sem ber ábyrgð á tilkynningunni:*

Eftirnafn: ..... Skírnarnafn: .....

Staða: .....

Heimilisfang skrifstofu: .....

Sími: .....

Dagsetning: ..... Undirskrift: .....

---